

Fræðslunefndarfundur haldinn 23.11 2015 haldinn í Kirkjuhvoli

MÆTTIR: AUÐBJÖRG B. BJARNADÓTTIR (D), ARNDÍS JÓHANNA HARÐARDÓTTIR (Z), RAKEL PÁLMAÐÓTTIR (D), RAGNHEIÐUR HLÍN SÍMONARDÓTTIR (Ó) SVERRIR GÍSLASON BOÐARFORFOLL (Ó)

142. Fundur

Formaður býður alla velkomna og setur fund 9.20 og síðan er gengið til dagskrár.

Kl. 09:15-10:00

Heilsuleiksskólinn Kæríbær:

Mættir: Guðrún Sigurðardóttir, leikskólastjóri, Sunneva Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra.

- 1 Jafnréttisáætlun  
Leikskólastjóri leggur fram jafnréttisáætlun til kynningar og umfjöllunar.  
Jafnréttisáætlun verður nánar tekin fyrir á næsta fundi.
- 2 Áhættumat  
Leikskólastjóri leggur fram til kynningar áhættumat fyrir Heilsuleiksskólann Kærabæ.
- 3 Önnur mál
  - a) Styrkir til leikskólakennaranáms – leikskólastjóra falið að koma með tillögur að útfærslu.
  - b) Leikskólastjóri kynnir nýja heimasíðu leikskólans. Umræður í kjölfarið.

Kl. 10:00-11:00

Kirkjubæjarskóli á Síðu:

Mættir: Kjartan Hjalti Kjartansson, skólastjóri, Sólveig Ólafsdóttir, fulltrúi kennara og Guðbrandur Magnússon, fulltrúi foreldra.

1. Skólapúlsinn  
Skólastjóri greinir frá niðurstöðum skólapúlsins. en könnunin fór fram í lok september og 94,7 % nemenda svöruðu.
2. Samræmd próf. Skólastjóri greinir frá niðurstöðum samræmdra prófa.
3. Heimilifræðistofa  
Skólastjóri greinir frá því að skólanum hafi borist samtals 1 milljón, sem ætluð er til endurbóta og tækjakaupa í heimilisfræðistofu skólans. Gjöfin barst annarsvegar frá kvenfélagi Kirkjubæjarhrepps og kvenfélaginu Hvöt og hinsvegar frá menningarmálanefnd Skaftárhrepps, í tengslum við uppskeruhátíð. Nefndin felur skólastjóra og heimilisfræðikennara, í samvinnu við fræðslunefnd og sveitarstjóra að gera áætlun um endurbætur á heimilisfræðistofunni svo hún verði tilbúin fyrir næsta skólaár. Nefndin hvetur jafnframt sveitarstjórn Skaftárhrepps til þess að koma með mótframlag við þessa rausnarlegu gjöf til að hægt sé að standa myndarlega að endurbótum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'ABD', 'ADH', and 'RHS'.

Fræðslunefnd vill koma á framfæri þakklæti fyrir þessa rausnarlegu gjöf, stuðningur sem þessi er ómetanlegur og verður vonandi til þess að hægt verði að bjóða nemendum upp á bestu mögulegu aðstöðu til náms í heimilisfræði.

4. Önnur mál

- a) Skólastjóri greinir frá góðum niðurstöðum úr GAP prófi sem nemendur skólans þreyttu.
- b) Bréf frá MMR, dagsett 8. október 2015 um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla tekið fyrir.

Kl. 11:00 -11:15

Fræðslunefnd

1. Tilnefning varamanns

Nefndin ítrekar við sveitarstjórn að kjósa þurfi nýjan varamann í stað Rakelar Pálmadóttur (D), þar sem að hún hefur tekið sæti aðalmanns.

2. Önnur mál

Fundi slitið klukkan 11.18.

Fundarritari: Rakel Pálmadóttir – fundargerðin er tölvuskráð og er 2 bls.

*Rakel Pálmadóttir*  
*Rakel Pálmadóttir*  
*Andrés J. Harðaradóttir*  
*Ragnheiður Hilmir Simonardóttir*